

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Febrúar 2019

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ljósmyndir: Kjartan Magnússon, Myndasafn ÍSÍ, Myndasafn UMFÍ, Shutterstock

Prentun: Svansprent

©2019 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-97

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Skipulag og starfsemi íþróttahreyfingarinnar	7
Íþróttir barna og unglinga í skólastarfi	9
Þátttaka barna og unglinga í íþróttastarfi	11
Menntun og rannsóknir	13
Keppnis- og afreksíþróttir	15
Almenningsíþróttir	17
Íþróttamannvirki	19
Lyfjaeftirlit	21



Inngangur

Stefna ríkisins í íþróttamálum kemur m.a. fram í íþróttalögum, fjármálaáætlun stjórnvalda og fjárframlögum á fjárlögum til íþróttamála og áherslum mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni. Stefnan sem nú er sett fram er sameiginleg stefnumótun þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum, sem eru ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin. Stefna ríkisins í íþróttamálum byggist á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf utan skóla skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Þar er vísað til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Stór hluti landsmanna tekur þátt í þessu starfi á einn eða annan hátt, fyrst og fremst með framlagi sjálfboðaliða á öllum stigum starfsins.




Stefnan tekur á öllum helstu þáttum íþróttar í starfi íþróttahreyfingarinnar og hvernig opinberir aðilar koma að starfinu. Aðkoma ríkis og sveitarfélaga miðar m.a. að því að stuðla að öruggu umhverfi iðkenda í starfinu eins og fram kom í vinnu starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra í tengslum við #ég líka (e. #MeToo) frásagnir íþróttakvenna. Þá er lögð sérstök áhersla á að auka hreyfingu barna og unglinga á öllum skólastigum.

Fjöl margar rannsóknir hafa sýnt fram á nauðsyn þess að bæta lífsstíl almennings og gegnir skólakerfið þar af leiðandi lykilhlutverki í að hafa áhrif á hreyfingu og þekkingu á gildi íþróttar.

Við mótun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförunum árum. Mikilvægt er að allir aðilar að stefnunni taki mið af jafnréttissjónarmiðum í starfinu. Mikilvægt er að í íþróttastarfi hafa allir tækifæri til þess að taka þátt óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, kynvitund, litarhætti, fötlun, þjóðernisuppruna eða félagslegum uppruna, tungumáli, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum eða öðrum skoðunum, eignum, ætterni eða öðrum aðstæðum. Þessi sjónarmið skulu ætíð höfð að leiðarljósi í stefnunni þótt ekki sé að öðru leyti vísað sérstaklega til þeirra. Sett eru fram markmið og aðgerðir til að framfylgja þeim. Stefna þessi gildir frá 2019 – 2030. Stefnan verður endurmetin 2024 á vegum íþróttanefndar ríkisins.

Lilja D. Alfreðsdóttir
Lilja D. Alfreðsdóttir



Skipulag og starfsemi íþróttahreyfingarinnar

Íþróttahreyfingin gegnir afar mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Starfsgrundvöllur og skipulag styrkist með öflugri samstarfi milli ríkis, íþróttahreyfingar og sveitarfélaga. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Hlutverk starfseininga í íþróttastarfinu hefur eðlilega breyst mikið á sama tíma. Mikilvægt er að hlutverk og skipulag allra starfseininga sé í stöðugri skoðun. Endurskoða mætti verkefni, fjölda og skipulag íþróttahéraða landsins. Mikilvægt er að auka samvinnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands til að einfalda, styrkja og samræma verkefni.

Mikilvægt er að umhverfi til íþróttaiðkunar og skipulag íþróttar á Íslandi sé í sífelldri framþróun og að framtíðarsýnin sé ávallt sú að sem flestir hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga. Einnig skulu ríki og sveitarfélög í samstarfi við íþróttahreyfinguna stuðla að öryggi þeirra sem iðka íþróttir og koma að starfinu, hvort sem um ræðir sjálfbóðaliða eða launaða starfsmenn. Aukin þátttaka landsmanna í íþróttastarfi, jafnt keppnisíþróttum sem almenningsíþróttum, þarfnast einnig aðkomu ríkis og sveitarfélaga sem og atvinnulífs.

- Markmið:** Starfsgrundvöllur íþróttasamtaka og íþróttafélaga verði eflður og rýndur enn frekar til gagns.
- Aðgerð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti geri vel skilgreinda langtímasamninga við íþróttahreyfinguna.
- Markmið:** ÍSÍ og UMFÍ skilgreini hlutverk íþróttahéraða að nýju og meti starfsemi þeirra með það að leiðarljósi að efla hana.
- Aðgerð:** ÍSÍ og UMFÍ skoði hugmyndir um hagræðingu í starfi íþróttahéraða á landsvísu.
- Markmið:** Að kanna grundvöll fyrir auknu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ.
- Aðgerð:** ÍSÍ og UMFÍ stofni samráðshóp.
- Markmið:** Umhverfi til íþróttaiðkunar verði öruggt og laust við mismunun.
- Aðgerð 1:** Samþykkja og framfylgja tillögum sem fram komu frá starfshópi mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni og aðra ofbeldishegðun í tengslum við #ég líka byltinguna.
- Aðgerð 2:** Vinna í samræmi við sérlög um samskiptafulltrúa íþrótt- og æskulýðsstarfs.
- Aðgerð 3:** Lagabreyting á íþróttalögum um ráðningar og upplýsingar úr sakaskrá.
- Markmið:** Fleiri ráðuneyti og stofnanir, eftir því sem við á, komi að málaflokki íþróttar í ljósi þess að hér er m.a. um að ræða forvarnarmál og heilbrigðismál.
- Aðgerð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, stofnanir og íþróttahreyfingin sem falla undir málaflokk íþróttar séu ávallt tilbúin að starfa saman, sem og með öðrum ráðuneytum, stofnunum og samtökum, að málum sem lúta að forvörnum og heilbrigði eftir því sem við á.
- Markmið:** Íþróttahreyfingin setji viðmið um góða stjórnarhætti.
- Aðgerð:** ÍSÍ innleiði viðmið fyrir íþróttahreyfinguna um góða stjórnarhætti.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og sveitarfélög.

Mat: Stöðuúttekt 2024.



Íþróttir barna og unglunga í skólastarfi

Hreyfing er mikilvægur þáttur í proska hvers einstaklings. Leggja þarf áherslu á hreyfingu og hreyfiuppeldi til að stuðla að líkamlegri og andlegri heilsu barna og unglunga.

Nauðsynlegt er að efla enn frekar fræðslu um mikilvægi hreyfingar og forvarna á meðal barna og unglunga á öllum skólastigum, enda hefur verið sýnt fram á að jákvæð tengsl eru á milli íþróttaiðkunar og námsárangurs. Leik- og grunnskólar landsins eru afar mikilvægir vegna sérstöðu þeirra sem uppeldisstofnana í nútíma þjóðfélagi. Stefna þarf að því að íþróttir og hreyfing sé hluti af starfsdegi nemenda á öllum skólastigum.

- Markmið:** Þekking á íþróttum og hreyfingu verði aukin í grunn- og framhaldsskólum.
- Aðgerð 1:** Fjölgað verði tímum sem tengjast heilsuefningu og/eða íþróttum í grunn- og framhaldsskólum.
- Aðgerð 2:** Tryggt verði að grunn- og framhaldsskólar uppfylli skyldur sínar í samræmi við námskrá með fjölda íþróttatíma.
- Aðgerð 3:** Áfram verði lögð áhersla á að kenna börnum og unglingum gildi heilbrigðs lífsstíls.

- Markmið:** Umhverfi skóla ýti undir íþróttaiðkun og hreyfingu.
- Aðgerð 1:** Skólalóðir verði hannaðar með tilliti til fjölbreyttari hreyfingar.
- Aðgerð 2:** Hvatt verði til hreyfingar og leikja utandyra innan hvers skóla.

Markmið: Að samþætta skóla- og íþróttastarf eins og kostur er.

Aðgerð: Samstarf skóla og íþróttafélaga verði aukið til þess að ungmenni geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.

Markmið: Hreyfistundir séu eðlilegur hluti af starfsemi leikskóla.

Aðgerð: Leikskólar eru hvattir til að auka markvissa hreyfingu leikskólabarna á hverjum degi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög.

Mat: Úttektir á framkvæmd íþróttakennslu í skólakerfinu verði gerðar.



Þátttaka barna og unglunga í íþróttastarfi

Íþróttir eru ein af mikilvægustu frístundastarfsemi í þágu barna og unglunga í samfélaginu. Tryggja þarf að öll börn og unglingar eigi kost á því að stunda íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og hreyfi sig utan skólatíma. Áhersla skal lögð á að hvetja alla til þátttöku í íþróttum á sínum forsendum. Stefna skal að því að viðhalda öflugri þátttöku barna og ungmenna í íþróttum til 18 ára aldurs og vinna markvisst að því að seinka og minnka brottfall úr íþróttum. Einnig þarf að huga sérstaklega að aukinni þátttöku úr hópum innflytjenda enda getur íþróttastarf verið árangursríkt verkfæri til að aðlaga íbúa að samfélaginu. Forvarnargildi íþróttar er mikið og því nauðsynlegt að efla slíkt starf enn frekar.

Markmið: Tryggja fjölbreytt framboð íþróttagreina fyrir börn og unglinga.

Aðgerð 1: Íþróttafélög tryggja nægt framboð íþróttagreina.

Aðgerð 2: Sveitarfélög vinna með íþróttafélögum að því að tryggja nægilegt framboð íþróttagreina.

Aðgerð 3: Sveitarfélög styðji við framboð af annars konar hreyfingu en skipulögðum keppnisíþróttum íþróttafélaganna.

Markmið: Efla menntun og þekkingu þjálfara.

Aðgerð: Íþróttafélög aðstoði þjálfara sína við að auka menntun og þekkingu í samstarfi við sérsambönd.

Markmið: Börnum og ungmennum verði tryggð jöfn tækifæri til að iðka íþróttir.

Aðgerð 1: Sveitarfélög styðji áfram við íþróttaiðkun barna og unglinga með niðurgreiðslu æfingagjalda.

Aðgerð 2: Sveitarfélög vinni að því í samstarfi við íþróttasambönd, íþróttafélög og skólasamfélagið að auka þátttöku innflytjenda og annarra minnihlutahópa í íþróttum og hreyfingu.

Aðgerð 3: Kynningarefni verði gert aðgengilegt á fleiri tungumálum m.a. til þess að innflytjendur hafi upplýsingar um íþróttastarf.

Aðgerð 4: Skoðað verði hvort og hvernig getuskipting í íþróttum hafi áhrif á brottfall úr íþróttum.

Markmið: Samþætta íþrótt- og skólastarf eins og kostur er.

Aðgerð: Skólar og íþróttafélög vinni sameiginlega að því að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.

Markmið: Sér sambönd vinni að fræðslu og útbreiðslu íþróttar hjá báðum kynjum.

Aðgerð 1: Sér sambönd skipi sérstakan aðila til þess að sinna fræðslu og útbreiðslu sé það ekki fyrir hendi.

Aðgerð 2: Sveitarfélög bæti aðgengi íþróttafélaga að skólum til þess að kynna starfsemi sína.

Aðgerð 3: Efla fræðslu til iðkenda um einelti, kynferðislegt ofbeldi og aðra óæskilega hegðun.

Aðgerð 4: Efla félagsfærni iðkenda samhliða íþróttaiðkun.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og sveitarfélög.

Mat: Úttekt 2024 og 2030. Reglulegar kannanir ÍSÍ á þátttöku í íþróttum. Gera úttekt á menntunarstigi þjálfara.



Menntun og rannsóknir

Hlutverk háskólasamfélagsins er að mennta sérfræðinga á viðkomandi fræðasviðum og stuðla að aukinni þekkingarsköpun og framþróun með rannsókna- og vísindastarfi. Mikilvægt er að háskólasamfélagið á sviði íþróttافرæða standi vörð um að auka fagmennsku íþróttakennara, þjálfara, stjórnenda og annarra sem starfa við íþrótt- og æskulýðsstörf. Samhliða er áriðandi að styrkja rannsóknir og þróun á sviði íþróttar.

Markmið: Samstarf íþróttahreyfingar og háskóla um menntun og rannsóknir verði aukið.

Aðgerð 1: Samstarfsnefnd íþróttahreyfingarinnar og háskóla hafi reglulega samráðsfundi þar sem er farið yfir framboð, gæði og þróun á menntun og rannsóknum.

Aðgerð 2: Íþróttahreyfingin í samvinnu við háskólana standi reglulega fyrir ráðstefnum og málþingum þar sem viðfangsefni tengd þróun íþróttastarfs eru til umræðu.

- Markmið:** Framboð og gæði þjálfaramenntunar verði aukið enn frekar.
- Aðgerð 1:** Sér sambönd í samvinnu við háskólaumhverfið vinni að endurskipulagningu þjálfaramenntunar.
- Aðgerð 2:** Efni sem notað er til menntunar þjálfara verði endurskoðað.
- Aðgerð 3:** Skapaður verði farvegur fyrir fjárhagslegan stuðning við gerð kennsluefnis.

- Markmið:** Rannsóknir á sviði íþróttar verði eflaðar.
- Aðgerð 1:** Sérstakt fjárframlag til íþróttarannsókna verði tryggt.

- Markmið:** Kanna grundvöll fyrir stofnun miðstöðvar um rannsóknir á sviði íþróttar.
- Aðgerð:** Skipaður verður starfshópur frá háskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti og íþróttahreyfingunni og íþróttar- og heilsufræðifélagi Íslands.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og háskólar.

Mat: Úttekt á fjölda rannsóknar- og þróunarverkefna með upplýsingum frá háskólum.



Keppnis- og afreksíþróttir

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum hvað varðar íþróttastarf almennt og eflingu afreksíþróttar. Samfélagslegar kröfur um árangur, fjölbreytileika og vöxt íþróttagreina og velgengni íslensks íþróttafólks í alþjóðlegum keppnum sem hafa vakið alþjóðlega athygli hafa kallað á aukin fjárframlög til afreksstarfs. Afreksíþróttafólk eru fyrirmyndir barna og unglunga og hvetja til þátttöku í íþróttum. Fjárframlög til málaflokksins hafa aukist og nauðsynlegt er að halda áfram á þeirri braut.

- Markmið:** Bæta umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.
- Aðgerð:** Stutt verði áfram fjárhagslega við Afrekssjóð ÍSÍ og umfang hans aukið í takt við afreksstarf og kostnað við afreksíþróttastarf sérsambanda og ÍSÍ.
- Markmið:** Sér sambönd auki gæði í starfi sínu.
- Aðgerð 1:** ÍSÍ verði áfram stutt fjárhagslega af ríkinu til þess að styrkja sér samböndin í starfi sínu.
- Aðgerð 2:** Sér sambönd vinni markvisst að þróun þjálfaramenntunar sem þau bera ábyrgð á.
- Aðgerð 3:** Sér sambönd auki framboð þjálfaranámskeiða.
- Aðgerð 4:** ÍSÍ og sér samböndin geri átak í fjölgun kvenþjálfara.

Markmið: Stuðlað verði að jöfnuði iðkenda til þátttöku í viðurkenndum íþróttamótum.

Aðgerð: Áfram verði stutt við ferðasjóð íþróttafélaga.

Markmið: Stuðningur skólakerfisins við afreksíþróttir verði aukinn og í því samhengi verði íþróttæfingar, keppnir og íþróttafrek metin til námseininga í skólakerfinu.

Aðgerð: Hvatning mennta- og menningarmálaráðuneytis til skólastjórnenda um að sýna sveigjanleika gagnvart afreksfólki í íþróttum.

Markmið: Að keppnis- og afreksíþróttir séu vettvangur heiðarleika og heilinda.

Aðgerð: Unnið verði á grundvelli tillagna starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, íþróttahreyfingin og sveitarfélög.

Mat: Árangur íþróttafólks í alþjóðlegum samanburði.



Almenningsíþróttir

Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilþáttum sem hefur áhrif á lífsstíl fólks í átt til heilbrigðara lífarnis. Mikilvægt er að tryggja góða aðstöðu til íþróttaiðkunar almennings og ekki síður að tryggja gott framboð af fjölbreyttri hreyfingu sem hægt er að leggja stund á fyrir alla aldurshópa. Samvinnu margra aðila þarf til þess að efla jákvætt viðhorf til heilsutengdrar þjálfunar.

Markmið: Að auka þátttöku almennings í almenningsíþróttum sem þætti í heilbrigðum lífsstíl.

Aðgerð 1: Sveitar- og íþróttafélög vinni áfram að því að auka aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum.

Aðgerð 2: Sveitarfélög í samstarfi við íþróttafélög og héraðssambönd vinni að því að fjölga tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist.

Aðgerð 3: Almenningsíþróttaverkefni íþróttahreyfingarinnar sem stuðla að heilbrigði þjóðarinnar verði þróuð enn frekar.

Aðgerð 4: Atvinnurekendur og forsvarsmenn launþega verði þátttakendur í að hvetja til heilbrigðs lífsstíls á meðal þjóðarinnar.

Aðgerð 5: Við skipulag vinnustaða verði gert ráð fyrir reiðhjólageymslu, sturtum og búninga- og aðstöðu.

Aðgerð 6: Stuðlað verði að auknu svigrúmi fyrir launþega til að hafa hreyfingu sem hluta af vinnudegi með sveigjanlegri vinnutíma.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög, atvinnulífð og íþróttahreyfingin.

Mat: Kanna hreyfingu almennings á tveggja til fjögurra ára fresti.



Íþróttamannvirki

Sveitarfélög hafa byggt upp flest af þeim íþróttamannvirkjum sem risið hafa undanfarin ár, hvert á sínu svæði.

Ríkið hefur stutt við uppbyggingu margra þeirra mannvirkja sem nýtt hafa verið á landsvísu. Mikilvægt er að halda uppbyggingu áfram þar sem þörf er á og einnig að skapa samráðsvettvang ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar til þess að sú uppbygging verði markviss.

Markmið: Aukið samráð sveitarfélaga á landsvísu um íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra.

Aðgerð: Sveitarfélög skoði samstarf við nærliggjandi sveitarfélög við uppbyggingu íþróttamannvirkja þegar um stærri mannvirki er að ræða.

Markmið: Uppbygging íþróttamannvirkja taki mið af nýtingu fyrir skóla, íþróttafélög og almenning.

Aðgerð: Sveitarfélög og aðrir sem standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja yfirfari verkferla sem tryggja að tillit sé tekið til allra sjónarmiða þegar um uppbyggingu íþróttamannvirkja er að ræða.

Markmið: Að auka notkun almennings á umhverfisvænum ferðamátum sem hluta af markmiðum tengdum hreyfingu.

Aðgerð: Í skipulagsvinnu sveitarfélaga á svæðum og umferðarleiðum verði gert ráð fyrir reiðhjóla- og göngustígum og grænum svæðum til útivistar og leikja fyrir börn og fullorðna.

Markmið: Unnið sé eftir stefnu og reglugerð um þjóðarleikvanga.

Aðgerð: Útbúa verkferla og afgreiða umsóknir sem berast.

Ábyrgð: Ríki, sveitarfélög og íþróttahreyfingin.

Mat: Úttektir vottun og skráning íþróttamannvirkja.



Lyfjaeftirlit

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands bera sameiginlega ábyrgð á lyfjaeftirliti í íþróttum. Í gildi eru alþjóðlegir samningar um lyfjaeftirlit sem Ísland er aðili að. Þessir samningar eru lyfjaeftirlitssamningur Evrópuráðsins frá árinu 1991 og samningur UNESCO um lyfjaeftirlit frá árinu 2007. Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunin (World Anti Doping Agency, WADA) samhæfir lyfjaeftirlitsreglur á heimsvísu og eru stjórnvöld aðilar að WADA í gegnum samning UNESCO.

Notkun ólöglegra efna getur verið lífshættuleg og valdið varanlegum heilsufarslegum skaða. Auka þarf forvarnar- og fræðslustarf fyrir þá hópa sem eru í mestri áhættu bæði innan og utan íþróttahreyfingarinnar til að tryggja að íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við lyfjamisnotkun. Íþróttafólk sem neytir lyfja til þess að auka árangur sinn er að svindla á heiðarlegu íþróttafólki sem leggur mikið á sig til þess að ná árangri.

Markmið: Unnið verði á grundvelli nýrrar sjálfstæðrar sjálfseignarstofnunar um lyfjaeftirlit sem sér um lyfjaeftirlit og verkefni tengd því í samræmi við alþjóðasamninga.

Aðgerð 1: Aukin áhersla verði lögð á fræðslu- og forvarnarstarf og upplýsingagjöf um lyfjaeftirlit.

Aðgerð 2: Lyfjaeftirlit geti einnig náð yfir íþróttastarf sem er utan vébanda ÍSí.

Aðgerð 3: Samstarfi eða samvinnu verði komið á milli ráðuneyta og stofnana sem hafa með lyfjamál að gera (lögregla, embætti tollstjóra, dómsmálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og ÍSí).

Aðgerð 4: Lyfjaeftirlitið tekur þátt í alþjóðasamstarfi um lyfjaeftirlitsmál.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og ÍSí.

Mat: Lyfjaeftirlitið gerir mælikvarða og viðmið til næstu ára.



Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið